

Markmið og ábyrgð

Öryggisstefna Rafal tekur til allra starfsmanna og starfsemi fyrirtækisins. Forstjóri ber ábyrgð á gerð, viðhaldi og kynningu stefnuskjala Rafal.

Stefnt er að því að starfsemi fyrirtækisins sé slysalaus. Til að það megi verða þarf allt starfsfólk Rafal að leggja sig fram um að koma í veg fyrir slys, dauðsföll og veikindi og veita hvort öðru aðhald.

Rafal leggur áherslu á að vera þekkt sem fyrirmyndarvinnustaður með gott vinnuumhverfi, þar sem áhersla er lögð á öryggi og velferð starfsmanna.

Starfsfólk skal fá þjálfun og fræðslu með reglubundnum hætti í því skyni að auka öryggisvitund og þekkingu. Virk þátttaka starfsfólks í öryggismálum er lykilatriði ef takast á að byggja upp slysalausán vinnustað. Starfsmenn skulu hvattir til að koma hugmyndum sínum á ábendingum á framfæri um það sem betur má fara.

Öryggisbúnaður skal vera til staðar og viðhaldið í samræmi við vandaða starfshætti fyrirtækisins.

Áhættumat deilda skal framkvæmt árlega, því viðhaldið og niðurstöður notaðar til að vinna að umbótum.

Mikilvægasta markmið Rafal er að starfsmenn fari heilir heim.